



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna

Reykjavík, 7. apríl 2025

MSS25010159

TILLAGA

Breytingatillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna vegna tillögu ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða um fjármálalæsi

Skóla- og frístundasvið hefur undanfarin ár, árin 2020 og 2023, lagt könnun fyrir stjórnendur grunnskóla þar sem spurt er um fyrirkomulag kennslu og námsefni í fjármálalæsi í grunnskólum. Lagt er til að enn frekar verði skerpt á þessu eftirliti svo tryggt sé að nemendur í öllum grunnskólum borgarinnar hafi fengið kennslu í fjármálalæsi við lok grunnskóla. Þannig verði fylgt eftir endurskoðaðri aðalnámskrá grunnskóla frá 2024 þar sem fjármálalæsi er talið upp sem hluti af hæfniviðmiðum í stærðfræði, heimilisfræði og samfélagsgreinum við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Tillögunni verði fylgt eftir í næstu könnun sem lögð verður fyrir í maí 2025. Einnig er lagt til að stuðst verði við námsefni sem gefið er út af Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.



Reykjavík